

Starfsreglur skólaráðs Sunnulækjarskóla

Skólaráð Sunnulækjarskóla starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.

Verkefni skólaráðs

Verkefni skólaráðs eru samkvæmt 2. gr. reglugerðar um skólaráð.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

- Skólaráð fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skólaráð fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Skólaráð tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- Skólaráð fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Skólaráð fjallar um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- Skólaráð fjallar um erindi frá fræðslunefnd, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp hér og veitir umsögn sé þess óskað.
- Skólaráð tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum fræðslunefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Kosning fulltrúa í skólaráð

Skólaráð Sunnulækjarskóla er skipað 9 fulltrúum, kosnum til tveggja ára í senn. Miða skal við að skólaráð sé fullskipað fyrir septemberlok ár hvert.

Kosningu í skólaráð skal hagað á eftirfarandi hátt:

- Tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi
- Einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi
- Tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir á aðalfundi foreldrafélags skólans sem haldinn er að vori.
- Tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir að hausti um leið og nemendur velja fulltrúa í nemendaráð skólans.
- Til að tryggja samstarf foreldrafélags og skólaráðs velur stjórn foreldrafélags skólans einn fulltrúa úr hópi stjórnaramanna foreldrafélags til að skipa sæti fulltrúa grenndarsamfélags í skólaráði.

Fundir skólaráðs

Skólastjóri boðar til funda í skólaráði og stýrir fundum þess. Boða skal til funda a.m.k. fjórum sinnum á hverju skólaári. Fyrsta fund skal boða eigi síðar en í október ár hvert. Á fyrsta fundi skólaráðs á hverju skólaári skal yfirfara starfsreglur skólaráðs og setja fram starfsáætlun komandi skólaárs.

Til að tryggja aðkomu nemenda að skólaráði skal halda einn opinn fund með stjórn nemendafélagsins á hverju skólaári.

Halda skal fundargerð á fundum skólaráðs. Fundargerð hvers fundar skal birt á vef skólans og send fræðslustjóra, til kynningar í fræðslunefnd Sveitarfélagsins Árborgar.

Ábyrgð fulltrúa skólaráðs

Fulltrúar í skólaráði kynna starf ráðsins fyrir umbjóðendum sínum. Skólaráðsmönnum er þó skylt að gæta trúnaðar varðandi persónulegar upplýsingar um einstaklinga, nemendur, starfsmenn skóla eða annað sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og eðlilegt er að trúnaður ríki um.

Skólaráð getur vísað erindum sem það fjallar um, ásamt umsögn til fræðslustjóra, fræðslunefndar, foreldrafélags og nemendafélags.

Samþykkt á fundi skólaráðs Sunnulækjarskóla 24. febrúar 2016